

# „VÉR HEILSUM GLAÐAR FRAMTÍÐINNI“



„Vér heilsum glaðar framtíðinni“ – Kosningaréttur kvenna 100 ára

Sýning, málþing og opnun vefs í Þjóðarbókhöfuð 16. maí 2015

Samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við Þjóðskjalasafn Íslands, Alþingi, RÚV og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands

Hönnun sýningar:

Kolbrún Anna Björnsdóttir

Hönnun vefsins konurogstjornmal.is:

Trausti Dagsson

Hönnun sýningarskrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Val handrita og skýringartextar:

Auður Styrkarsdóttir, Halldóra Kristinsdóttir, Sigríður H. Jörundsdóttir og Jón Torfason

Að verkefninu hafa unnið:

Rósa Bjarnadóttir verkefnisstjóri, Eva Kamilla Einarsdóttir, Auður Styrkarsdóttir, Bragi Þ. Ólafsson, Halldóra Kristinsdóttir, Ólafur J. Engilbertsson, Sigríður H. Jörundsdóttir, Örn Hrafnkelsson, Krístrún Daníelsdóttir, Brynja Björk Birgisdóttir, Jón Torfason, Vigdís Jónsdóttir, Þorsteinn Magnússon, Guðmundur Guðmarsson, Irma Erlingsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir

Prófarkalestur:

Jökull Sævarsson

Ljósmyndir:

Ljósmyndir fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Helgi Braga

Ljósmyndir fyrir Þjóðskjalasafn Íslands: Guðrún H. Ágústsdóttir

Einnig myndir frá Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni, Héraðsskjalasafni Ísafjarðar, Det Kongelige Bibliotek og úr einkasöfnum Teikning á síðu 9: Freydis Kristjánsdóttir

Upptökur frá RÚV

Prentun skrár:

GuðjónÓ – vistvæna prentsmiðjan

Prentun sýningar:

Sýningakerfi ehf

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2015

ISBN 978-9935-434-08-1

Styrkt af Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

*„Vér heilsu og glæði fram tíðinni“*

Kosningaréttur kvenna 100 ára

Sýning í Þjóðarbókhöfuð  
opnuð 16. maí 2015

100  
ÁRA | KOSNINGARÉTTUR  
KVENNA Á ÍSLANDI



# „Veröld sem ég vil“

Þróun borgara- og þegnuréttinda kvenna í 100 ár

Málþing í Þjóðarbókhöðdu 16. maí 2015

Dagskrá:

Móttaka og gestir boðnir velkomnir.

Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands:  
„Mér fannst eg finna sjálfa mig undireins og ég var laus við landann.“  
*Bréf Bjarnhéðinsdóttir og alþjóða kvennabaráttan.*

Björg Hjartardóttir, kynjafræðingur:  
*Lesið í Freyju. Hugmyndir um kvenfrelsi í Vesturheimi.*

Guðný Gústafsdóttir, kynjafræðingur:  
*Konur og þegnuréttur í íslenskum samtíma.*

Hljómsveitin Ylja spilar.

Opnun sýningar og vefs.



## *Ávarp landsbókavardar*

Í ár er þess minnst að 100 ár eru síðan íslenskar konur fengu kosningarétt. Árið 1915 var kosningaréttur rýmkaður verulega, en þá fengu allar konur og karlmenn 25 ára og eldri kosningarétt, þó með þeim takmörkunum að miða skyldi við 40 ára aldur kvennanna og þeirra karlanna sem ekki höfðu haft kosningarétt áður. Aldursákvæðið skyldi síðan lækka um eitt ár árlega þar til það næði 25 árum. Reyndin varð hins vegar sú að 1920 fengu allir jafnan kosningarétt, bæði konur og karlar og var miðað við 25 ára aldur. Smám saman var kosningaaldur lækkaður og síðast í 18 ár árið 1984.

Í tilefni af þessum tímamótum stendur Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fyrir veglegri sýningu í Þjóðarbókhöðu, en hún er opnuð með málþingi og nýjum vef um sögu kosningaréttar, [www.konurogstjornmal.is](http://www.konurogstjornmal.is). Yfirskriftin er „Vér heilsum glaðar framtíðinni“ en þau orð lét Bríet Bjarnhéðinsdóttir falla í ræðu 7. júlí 1915 þegar kosningaréttinum var fagnað.

Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna styrkti verkefnið, en á sýningunni og á vefsíðunni er rakin saga kosningaréttar á Íslandi og sérstaklega kosningaréttar kvenna, auk þess sem kvennabaráttu og jafnréttismálum eru gerð skil. Sýnt er margvíslegt efni úr safninu er varðar kosningaréttinn, en einnig efni frá Alþingi, Þjóðskjalasafni Íslands, Ríkisútvarpinu og fleiri aðilum. Málþingið er samstarfsverkefni safnsins og RIKK (Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands). Efni sýningarinnar er einnig birt í veglegri sýningarskrá. Þá er hluti sýningarspaldanna prentaður sérstaklega og geta söfn víðsvegar um landið fengið þau til afnota og búið til sýningar með eigin efni úr héraði.

Undirbúningur hófst árið 2013 og var í höndum verkefnishóps, en fjölmargir aðrir lögðu verkefninu lið. Til þess að undirbúa sýninguna og vefinn voru gögn sem fjalla um kosningarétt og pólitísk réttindi kvenna og eru varðveitt í söfnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns skráð sérstaklega. Þá var unnið að skráningu og stafrænni endurgerð helstu bóka, blaða og tímarita sem fjalla um réttindabaráttu kvenna og skráningu á skjölum og handritum kvenna. Ennfremur tekur safnið þátt í þjóðaráttaki um söfnun á skjölum kvenna og hvatningu til landsmanna um að afhenda þau á skjalasöfn, ásamt Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnum.

Ég vil þakka öllum sem komu að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

*Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir*  
*landsbókavörður*



Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



Olympe de Gouges ritaði *Déclaration des droits de la femme et de la citoyenne* árið 1791 sem andsvar við *Déclaration des droits de l'homme et du citoyen* eða Mannréttindayfirlýsingu byltingarinnar frá 1789, þar sem hún krafðist sömu réttinda fyrir konur og karla. Sumir byltingarsinnar voru fylgjandi kvenréttindum, en svo fór að slíkar kröfur voru kæfðar með hörku. Olympe de Gouges var leidd á höggstokk í París í nóvember 1793.




**Mary Wollstonecraft á málverki eftir John Opie.**

Handan Ermarsunds tók Mary Wollstonecraft upp kyndilinn af Olympe de Gouges er hún skrifaði hina áhrifamiklu bók *A Vindication of the Rights of Women* árið 1792. Hún vakti mikla athygli í Englandi. Feminisminn var fæddur, þótt veikburða væri.

## *Frelsi, jafnrétti og bræðralag?*

Stjórnarbylting sem hófst í Frakklandi í júní árið 1789 og stóð til ársins 1799 er talin marka upphaf lýðræðis á Vesturlöndum. Í því mikla pólitíska umróti sem átti sér stað í Frakklandi á þessum árum spruttu fram og gerjuðust margar hugmyndastefnur sem við kennum við frjálslyndi, þjóðernishyggju, sósíalisma og feminisma eða kvenréttindi.

Konur tóku þátt í byltingunni með karlmönnum og væntu þess að orðin sem voru á allra vörum: „Frelsi, jafnrétti og bræðralag“, næðu einnig til þessa helmings mannkyns. Kosningarétt til hins nýja þings sem byltingarmenn stofnuðu fengu hins vegar bara karlmenn.



# Hvers vegna bylting?


Hvers vegna varð bylting í Frakklandi? Nokkrar ástæður eru nefndar og vafalítið hafa þær allar eitthvað að segja. Uppskerubrestur um allt land árið 1788 ofan í langa efnahagslægd var kannski dropinn sem fyllti mælinn. Talið er að hann megi rekja til Skaftáreldanna sem hófust þann 8. júní 1783 og stóðu fram í febrúar 1784. Skaftáreldamóðan þakti um það bil fjórðung jarðarinnar, olli uppskerubresti í Evrópu og tjóni á gróðri. Mannfellir varð á norðurhveli jarðar. Talið er að um 20% íslensku þjóðarinnar hafi fallið á árunum 1783–1786, og um 82% sauðfjár.

Þegar 19. öldin gekk í garð voru Íslendingar meðal snauðustu þjóða Evrópu. Landið var lengi að jafna sig og samfélagið bar merki hinnar miklu vár. Sæmundur Magnússon Hólm orti þetta erindi um Skaftárelda. Eins og sjá má telur hann orsökina vera nokkurs konar hefnd fyrir græðgi mannanna:

*Björgin sundur bresta,  
brennur himinn og jörð,  
geisar grimmdin versta,  
grenjar plágan hörð,  
fyrr en hindrast ágirnd óð,  
til þess hjartað, sinnið, sál  
svíður í vítis glóð.*

Lbs 1204 4to

Sæmundur Magnússon Hólm teiknaði þessa mynd af Skaftáreldum árið 1783. Varðveitt í Konunglegu bókhöðunni í Kaupmannahöfn.



## Benjamin Franklin

skrifaði 1784:  
„During several of the summer months of the year 1783, when the effect



of the sun's rays to heat the earth in these northern regions should have been greater, there existed a constant fog over all Europe, and a great part of North America. This fog was of a permanent nature; it was dry, and the rays of the sun seemed to have little effect towards dissipating it, as they easily do a moist fog, arising from water. ... Hence the air was more chilled, and the winds more severely cold. Hence perhaps the winter of 1783-4 was more severe than any that had happened for many years.“

## Gilbert White,

Englandi:

„The summer of the year 1783 was an amazing and portentous one, and full of horrible phaenomena; for besides the alarming meteors and tremendous thunder-storms that affrighted and distressed the different counties of this kingdom, the peculiar haze, or smokey fog, that prevailed for many weeks in this island, and in every part of Europe, and even beyond its limits, was a most extraordinary appearance, unlike anything known within the memory of man.“





Júlíbyltingin 1830 á málverki eftir Eugène Delacroix .

## Alþingi endurreist

Í júlí 1830 varð önnur stjórnarbylting í París, og mikill órói varð í mörgum ríkjum í Evrópu. Sitjandi konungar hlutu að íhuga stöðu sína. Friðrik konungur VI kallaði til ráðgefandi þinga í ríki sínu og fengu Íslendingar tvo fulltrúa á þing Eydana. Ekki treystu íslenskir embættismenn sér til þess að semja kosningareglur fyrir landið og úr varð að konungur skipaði fulltrúa Íslands sem sóttu þingið 1835–1842.

Byltingarstraumar og nýjar hugmyndir bárust til Íslands og hugmyndir og umræður um þinghald kveiktu elda. Baldvin Einarsson skrifaði ritgerð um endurreisn þinghalds á Íslandi. Nokkrir námsmenn í Kaupmannahöfn stofnuðu tímaritið *Fjölni*. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var hafin.

Alþingi var endurreist með tilskipun konungs árið 1843 og kom fyrst saman 1. júlí 1845.

Kjósa skyldi 20 menn er fasteign héldu, og 6 að auki, þ.e. 2 af andlegri stétt og 4 af veraldlegri stétt. Þeir skyldu vera orðnir 30 ára gamlir, konungshollir, kristinnar trúar og hafa búið í ríki konungs í 5 ár hið minnsta. Fyrstu kosningaréttarlögin voru hin sömu og giltu í dönskum lögum:

„Réttindi til hluttöku í kosningu alþingismanna bera einungis haldendum, er annaðhvort eiga jörð, að minnsta kosti 10 hundraða dýrleika, ellegar múr- eða timburhús í Reykjavík eður einhverju öðru landsins verslunarplássi, sem með löglegri virðingu í minnsta lagi hefur verið metið til 1000 ríkisbankadala andvirðis. Ellegar og svo þeim, er opinberu eður beneficeraðu gózi halda jörð með lífsfestu. Í minnsta lagi af 20 hundraða dýrleika. -- Þó er tilskilið, að kjósendur hafi óflekkað mannorð, hafi náð 25 ára aldri og að sá fullkomni myndugleiki, sem honum eftir hans aldri ber, ekki af neinni annari orsök sje skertur.“

*Lovsamling for Island 12, s. 499.*

Kosið var eftir þessum lögum 1844 og 1852.

Þá náði kosningarétturinn til einungis 2-3% landsmanna.

Árið 1857 var rýmkað ögn um eignarákvæðin og bætt við að kosningarétt hefðu ekki þeir sem skulduðu sveitarstyrk. Þá náði rétturinn til um 9% landsmanna.

Kosningarétturinn var rýmkaður næst árið 1903 og náði þá til um 14% landsmanna, aðeins karlmanna.



Fjölismenn; Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Baldvin Einarsson.



# Hvað sagði Jón Sigurðsson?

Fyrstu baráttumennirnir fyrir sjálfstæði sýndu kvenréttindum engan áhuga. Sjálfur Jón Sigurðsson forseti var íhaldssamur eins og þessi frásögn Indriða Einarssonar af heimsókn til þeirra Jóns og Ingibjargar í Kaupmannahöfn ber vott um, en hann var þá ungu Hafnarstúdent:

Eitt sunnudagskvöld var eg úti hjá þeim hjónum, og hafði lesið nýlega rit Stuarts Mills um kúgun kvenna. Eg fór að tala um skoðanir Stuart Mill á málinu, og áleit þær óhrekjandi. Forseti var á líkri skoðun og flestir stjórnámálemenn voru þá, og var heldur á móti kvenréttindum. Frú Ingibjörg sat í hægindastólnum sínum og var búin að breiða yfir búið, sem páfagaukurinn hennar var í, og kom til liðs við mig. Allir vita að pólitík er ekki að eins ástæður fyrir málinu heldur einnig lunderni til að halda því til streitu. Frúin lagði til lundernið, en eg hefi líklega komið með eitthvað af ástæðunum. Þegar hún var búin að segja eitthvað af því helzta, sem henni fanst þurfa að segja, þá hélt Forseti – sem aldrei vildi víkja – undan og sagði: „Það er ómögulegt að dispútera við yður þegar þér hafið fengið konuna mína með yður.“

Indriði Einarsson, „Endurminningar um Jón Sigurðsson“, *Skírnir*, 85. árg. 1911, s. 296-297.



„Aldrei sýnir mentan manna fagrari ávöxtu, enn þegar mörgum tekst að samlaga sig til að koma fram mikilvægum og viturlegum fyrirtækjum.“

Jón Sigurðsson

*Ný félagsrit*, 4. árg. 1844, s. 1.

## Kosningaréttur: réttur til að kjósa

*Íslensk orðabók*, Reykjavík,  
1996, s. 519.

## Til hvers er kosningaréttur?

Hér svarar Ólafía Jóhannsdóttir árið 1896:

„Með atkvæðisrjettinum trúir þjóðfélagið einstaklingnum fyrir heill sinni og hamingju, felur honum að ráða lögum og lofum þess ytra fyrirkomulags, er hann vill lifa í.“

*Ársrit Hins íslenska kvennfelags*,  
2. árg. 1896, s. 20.

Jón Sigurðsson og Ingibjörg Einarsson.  
Teikning: Freydís Kristjánsdóttir.



Hjónin Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Valdimar Ásmundsson.

## Fyrstu kröfur

Fyrstu kröfur um réttindi íslenskum konum til handa komu frá karlmönnum. Það þarf ekki að vekja furðu þar sem þeir höfðu miklu betri aðgang en konur að miðli þeirra tíma, hinu skrifaða orði. Hér er minnst nokkurra frumherja:

Sr. Guðmundur Einarsson frá Skáleyjum, skrifaði ritgerðina „Samtök“ árið 1847 í dreifibréfi og fjallaði þar meðal annars um skóla fyrir stúlkur, sennilega fyrstu skrif um réttindi kvenna á Íslandi.

Magnús Eiríksson guðfræðingur gaf út í Kaupmannahöfn árið 1851 *Breve til Clara Raphael* sem innlegg í nýbyrjaða umræðu um kvenréttindi í Danmörku.

Páll Melsted sýslumaður skrifaði grein í blaðið *Norðanfara* árið 1869 um stofnun skóla fyrir stúlkur.

Þjóðlið Þingeyinga samþykkti í stofnskrá 1884 að „konur hafi jafnrjetti við karlmenn.“

Páll Briem flutti fyrirlestur hjá Thorvaldsensfélaginu í Reykjavík árið 1885, „Um frelsi og menntun kvenna.“

Valdimar Ásmundsson ritstjóri skrifaði greinina „Kvenfrelsi“ í blað sitt *Fjallkonuna* í janúar árið 1885.

Æsa (Bríet Bjarnhéðinsdóttir) skrifaði greinina „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“ í blaðið *Fjallkonuna* í júní árið 1885.

Almennur héraðsfundur á Einarstöðum í Reykjadal, S-Þingeyjarsýslu samþykkti árið 1885 áskorun um „að allir, konur sem karlar, sem ekki eru öðrum háðir sem vistráðin hjú, hafa óflekkað mannorð og eru 20 ára að aldri, hafi kosningarétt til alþingis.“

Bríet Bjarnhéðinsdóttir flutti „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“ í Reykjavík 1887. Kvenréttindabarátta Íslendinga var hafin.




Teikning Þóru Thoroddsen af Reykjavík 1875, en það ár var stofnað fyrsta kvenfélagið í bænum, Thorvaldsensfélagið.




Magnús Eiríksson.



Páll Melsted.



Páll Briem.



Guðmundur Einarsson.

# Mennt er máttur

Fyrstu kröfur um réttindi kvenna lutu að menntun þeirra. Kvenréttindasinnar litu svo á að munur á körlum og konum stafaði fyrst og fremst af misjafnri stöðu þeirra í samfélaginu.

Natalie Zahle kom á fót stúlnaskóla í Danmörku árið 1852. Þar áttu stúlkur að öðlast innsýn í þekkingu og menningu samtímans og verða frjálsari manneskjur, bæði heima fyrir og í samfélaginu. Skóli Zahle varð fljótt fyrirmynd kvennaskóla á öllum Norðurlöndum.

Hjónin Þóra og Páll Melsteð söfnuðu fé til kvennaskóla í Danmörku, Skotlandi og á Íslandi. Þau hófu skólahald í eigin húsi við Austurvöll 1. október 1874. Hann hlaut nafnið Kvennaskólinn í Reykjavík.

Kennd var danska, reikningur, skrift, teikning, íslenska, saga, landafræði, leikfimi og handavinna. Skólinn og skólaandinn báru sterkt svipmót frá skóla Natalie Zahle.

Kvennaskólar voru stofnaðir að Laugalandi í Eyjafirði og í Skagafirði árið 1877 og í Húnavatnssýslu árið 1879. Þar gafst ungum stúlkum tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og afla sér menntunar. Þar kynntust þær nýjum hugmyndum, öðrum konum og sjálfum sér – og efldust að kjarki og þori. Margar þeirra lögðu kvennabaráttunni lið síðar meir og margar forystukonur höfðu gengið í kvennaskóla.



Ungar konur við hannyrðir í Kvennaskólanum á Blönduósi.



Stúlkur fyrir utan Kvennaskólinn í Reykjavík.



Stúdentar frá Hinum almenna mentaskóla árið 1910. Laufey Valdimarsdóttir, fyrir miðju, lauk stúdentsprófi fyrst kvenna árið 1910 með 1. einkunn.

„Allur félagsskapur er samvinna, sem fleiri eða færri taka þátt í til að vinna að einhverju markmiði. Við íslensku konurnar erum nú að byrja að skilja að ef okkur á nokkuð að verða ágeugt, þá verðum við að taka saman höndum og vinna í félagsskap saman.“

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Samvinna“, *Kvennablaðið*, 28. febrúar 1905, s. 9.

Kvæði sungið á fyrsta kvenfélagsfundum í Keflavík, 28. apríl 1895.

*Vjer setjum nú hjer vorn fyrsta fund er fjelag vort á að mynda, vjer leyfa' oss ei megum lengri blund nje ljósínu frá oss hrinda er stafar af frelsi, förum því vorn framtíðar sveig að binda. Í nafni drottins hið nýja starf vjer nú skulum glaðar heyja, svo börnin hljóti sem beztan arf er blikna þeir eldri og deyja. Vort kvennfjelag aldrei kemst á fót ef konurnar Íslands þegja.*

*Framsókn, 1. janúar 1896, s. 3.*

## *Fjöldanum býr aftið*

Margar forystukonur í kvenfélögum höfðu gengið í kvennaskóla. Sumar öðluðust líka reynslu af félagsstörfum í bindindishreyfingunni, sem þá var mjög öflug í ungmennafélögum og lestrarfélögum.

Fyrstu kvenfélögin voru stofnuð af stórhuga konum úr efri lögum þjóðfélagsins. Mennta- og framfarabráin brann þeim í brjósti, og þær höfðu bæði tíma og aðstöðu til að hrinda draumum í framkvæmd.

Kvenfélagið Ríp í Skagafirði var stofnað árið 1869. Forystukonan þar var einnig forystukona um stofnun kvennaskóla í Skagafirði 1877, Sigurlaug Gunnarsdóttir í Ási.

Næst voru stofnuð Kvenfélag Svínavatnshrepps árið 1874 og Thorvaldsensfélagið í Reykjavík 1875. Þau voru dæmigerð fyrir kvenfélög sem stofnuð voru fyrir 1894; þau voru fyrst og fremst líknar- og mannúðarfélög og stefndu að því að efla samtakamátt kvenna til að vinna nánasta samfélagi gagn.

Hið íslenska kvenfélag, stofnað í Reykjavík 1894, var fyrsta kvenfélagið sem hafði kvenréttindi á stefnuskrá. Af 18 konum sem kjörnar voru í fjáröflunarnefnd á stofnfundinum sátu fjórar eða höfðu setið í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík og tvær höfðu verið þar kennarar. Að auki höfðu nokkrar stundað nám við einhvern kvennaskólanna.

Eitt fyrsta verk félagsins var að safna undirskriftum 2.348 kvenna þar sem krafist var stjórnmalajafnréttis.

Stjórnmalabarátta kvenna var hafin.

### **„Vort kvennfjelag aldrei kemst á fót ef konurnar Íslands þegja.“**

Kvenfélögin í landinu mynda eina órofa heild sem kallast kvennahreyfing. Án þeirra hefur ekki verið og verður engin hreyfing í kvenréttindamálum. Hér eru nokkur þeirra:

- 1869 Kvenfélag Rípurhrepps
- 1874 Kvenfélag Svínavatnshrepps
- 1875 Thorvaldsensfélagið, Reykjavík
- 1888 Kvenfélag Eyrarbakka



Baráttukonurnar Þorbjörg Sveinsdóttir og Ólafía Jóhannsdóttir með KFUK-konum árið 1902.

1894 Kvenfélagið Framtíðin, Akureyri  
 1894 Hið íslenska kvennfjélag, Reykjavík  
 1895 Hvítabandið, Reykjavík  
 1895 Kvenfélag Húsavíkur  
 1900 Kvenfélagið Kvík, Seyðisfirði  
 1904 Kvenfélagið Hringurinn, Reykjavík  
 1906 Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins, Reykjavík  
 1906 Kvenfélagið Hugrún, Þingeyrarhreppi  
 1907 Kvenréttindafélag Íslands  
 1907 Kvenfélagið Hringurinn, Stykkishólmi  
 1907 Kvenfélag Öxnfirðinga  
 1908 Kvenfélag Staðarhrepps  
 1909 Kvenfélag Kjalarneshrepps  
 1909 Kvenfélagið Líkn, Vestmannaeyjum  
 1911 Lestrarfélag kvenna, Reykjavík  
 1914 Kvenfélagið Hjálpin, Saurbæjarhreppi  
 1915 Kvenfélagið Tilraun, Svarfaðardal  
 1917 Bandalag kvenna, Reykjavík  
 1917 Kvenfélag Saurbæjarhrepps  
 1919 Ljósmaðrafélag Íslands  
 1919 Kvenfélag Hvammshrepps  
 1921 Kvenfélag Borgarhrepps  
 1924 Kvenfélagið Tíbrá, Höfn  
 1926 Kvenfélag Árneshrepps  
 1928 Félag íslenskra háskólakvenna  
 1928 Mæðrastyrksnefnd, Reykjavík  
 1930 Kvenfélagasamband Íslands  
 1935 Húsmæðrafélag Reykjavíkur  
 1936 Mæðrafélagið, Reykjavík  
 1951 Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna  
 1968 Úur, ungar konur í Kvenréttindafélagi Íslands  
 1970 Rauðsokkahreyfingin  
 1982 Kvænnaframboðið, Reykjavík og á Akureyri  
 1982 Samtök um kvænnaathvarf  
 1983 Samtök um kvænnaalista  
 1989 Stígamót  
 1992 Kvænnaakirkjan  
 1997 Bríet, félag ungra femínista  
 2003 Femínistafélag Íslands



Konur í Thorvaldsensfélaginu í Reykjavík, 1896.



Konur í Kvenfélaginu Hringi í Mývatnssveit 1914.



Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm.



Ingibjörg Skaptadóttir.

## Máttur þennans

Útgáfa blaða og tímarita á vegum kvenréttindakvenna var nauðsynleg til þess að ná til kvenlesenda, flytja þeim fregnir af þróun mála, bæði innanlands og utan, uppfærða þær og hvetja til dáða.

Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm (1845–1918) varð fyrst kvenna á Íslandi til þess að gefa út og ritstýra tímariti er hún gaf út ársritið *Draupni* árið 1891–1908. Ritið var helgað skáldskap, en stöku sinnum birtust þar upplýsingar um kvennabaráttuna í Ameríku, en þar hafði Torfhildur dvalið lengi.

Tvö mánaðarrit sem ætluð voru konum hófu göngu sína á árinu 1895. *Framsókn*, sem mæðgurnar Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaptadóttir ritstýrðu á Seyðisfirði, kom út í janúar, og mánuði síðar hóf Bríet Bjarnhéðinsdóttir að gefa út *Kvennablaðið* í Reykjavík. Sama ár byrjaði Hið íslenska kvennfjelag að gefa út *Ársrit* þar sem pólitískar skoðanir forystukvenna komu skýrt fram, en þar voru fremstar Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir og Ólafía Jóhannsdóttir.

Með þessum ritum eignuðust íslenskar konur sterka rödd.

*Framsókn* var pólitískt blað og krafðist þess meðal annars í fyrsta tölublaði að gíftar konur fengju full fjárráð. Um mitt ár 1895 birtist forsíðugreinin „Kvennfólk og pólitík“ þar sem þessa kröfu er að finna:

„Það eru engar fjarstæður sem við konur förum fram á. Við heimtum aðeins fullkomin mannrjettindi. Heimsins mestu og beztu menn hafa fyrir löngu viðurkennt að kröfur vorar sjeu rjettlátar, en hin gamla rígbundna þjóðfjelagsskipun og fornar venjur eru stór þröskuldur á vegi framkvæmdanna í þessu efni“.

*Kvennablaðið* gaf sig mest að heimilismálum og menningarmálum en beitti sér ekki að ráði fyrir réttindum kvenna fyrstu árin. Í fyrsta tölublaði árið 1905 birtist þessi yfirlýsing:



## Til íslenskra kvenna.

Kvennablaðið er hið einasta blað á landinu sem gefið er út til að halda fram hagsmunum kvenna og hlyna að heimilunum. Hér eftir mun það og gera sér far um að halda fram réttindum þeirra og benda á ráð til að bæta hag þeirra og atvinnu.

Hér markaði Kvennablaðið sér skýran pólitískan bás; eftirleiðis flutti það fregnir af kvenréttindakonum erlendis og kvenréttindabaráttunni, sagði frá afdrifum umræðna um kosningaréttartillögur á Alþingi og hvatti íslenskar konur til dáða.

## Bríet

### Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940)

Hún var 16 ára gömul er hún færði í letur hugsanir sínar sem hún fékk birtar á prenti í blaðinu *Fjallkonunni* árið 1885. Tveimur árum síðar flutti hún á sviði í Reykjavík „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“.

Bríet markaði stór skref í kvennasögunni; hún var fyrsta konan sem vitað er að hafi flutt opinberan fyrirlestur á Íslandi, og hún varð fyrst kvenna til þess að orða þær kröfur á prenti sem voru að fæðast meðal Íslendinga. Hún var með fyrstu konum til að gefa út og ritstýra blaði, hún átti frumkvæði að stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og fór nokkrum sinnum á fundi Alþjóðasamtaka kosningaréttarfélaga, International Women Suffrage Alliance.

Hún sótti Kvennaskólann að Laugalandi í Eyjafirði í einn vetur, meira stóð henni ekki til boða. Hún studdi bræður sína til náms.

„Það er eptirtektarvert, hversu karlmenn halda öllu frelsi kvenna og rjettindum í helgreipum, og það virðist sem þeir álfí þá mikilvæg einkarjettindi, helguð af fornri nju, að vera allt gagnvart þeim, en þær megi ekkert vera.“

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“,  
*Fjallkonan*, 2. árg., 11.tbl. 1885, s. 42.




Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fyrsta myndin var tekin af Bríeti þegar hún var 28 ára. Hún sagði síðar um þessa myndatöku:

„Verst er að á þeirri mynd er eg svo alvarleg. Allir sögðu að eg nyti mín betur þegar eg væri glöðleg. Þá kæmi sami svipurinn og sami glampinn í augun eins og þegar eg talaði. En-eg var svona feimin yfir því að vera þarna aléin, með þessum ókunna manni, og að hann væri að leyfa sér að laga á mér húfuna, skúfinn og hárið. Eg var alveg kafrijóð í andliti, og leið verulega illa. – Svona var eg mikið sveitasakleysi tuttugu og átta ára gömul!“

„Bréf frá Bríeti Bjarnhéðinsdóttur“. *Húsfreyjan*, 32. árg., 1. tbl. 1981, s. 6.



Hjónin Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Valdimar Ásmundsson með börnunum sínum, Laufeyju og Héðni. Mynd tekin 1897-98. Bríet skrifaði í bréfi til gamals frænda árið 1931: „Eins og þú sér hefir guð gefið mér mikla hamingju. Mestu hamingjuna tel eg góðan eiginmann og sérlega vel gefin, góð og reglusöm börn.“

„Ýmislegt hefir verið um mig talað, en aldrei neitt óheidarlegt. Um alt hitt er mér sama. Eðlilegt að krítík hitti þá sem víða koma við. Svo hefi eg haft þann galla (ásamt sjálfsagt ýmsum fleiri) að eg hefi jafnan haft svör á reiðum höndum, og ekki ætið þægileg. Það eykur ekki vinsældir.“

(Bríet Bjarnhéðinsdóttir í bréfi 1931)



Bríet sótti þing Alþjóðasamtaka kosningaréttarféлага (International Women Suffrage Alliance) í Kaupmannahöfn árið 1906. Orðan sem hún ber í barmi er í litum kvennabaráttunnar: grænt og fjólublátt.

„Hálfrar aldar reynsla hefir sýnt og sannað öllum helztu framfarakonum heimsins, að hvert það félag sem fyrir alvöru vill beita sér fyrir kvenréttindamálinu, má ekkert annað verkefni hafa.“

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Kosningaréttarfélag“,  
*Kvennablaðið*, 1. tbl., 13. árg., 1907, s. 2.

*Bríet Bjarnhéðinsdóttir*



## *Baráttan hardnar*

Kvenréttindafélag Íslands var stofnað í janúar 1907 að frumkvæði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Það hafði það takmark að berjast fyrir kosningarétti kvenna, efla áhuga og þekkingu þeirra á þeim málum, fá þær til að nota réttindi sín og gera konur færar um að uppfylla þær skyldur sem fylgja réttindum.

Félagið lét verkin tala. Það hafði forgöngu um að kvenfélögin í Reykjavík buðu fram sérstakan kvennalista þegar konur fengu kosningarétt til bæjarstjórnar árið 1908. Hann kom, sá, og sigraði; hlaut rúmlega 20 prósent atkvæða og fjóra fulltrúa, þar á meðal Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.

Þegar kosningarétturinn var í höfn einbeitti félagið sér að framgangi kvenna á öllum sviðum í íslensku samfélagi: í stjórn-málum, atvinnulífi, menntun og menningu.



Konur á Landsfundi kvenna, haldinn á Þingvöllum 1944.



Konur í Kvenréttindafélagi Íslands 1930. Bríet Bjarnhéðinsdóttir situr fyrir miðju.

Kvenréttindafélagið beitti sér á mörgum sviðum, meðal annars fyrir stofnun Verkakvinnafélagsins Framsóknar 1914 og Mæðrastyrksnefndar 1928. Lestrarfélag kvenna tók til starfa 1911 fyrir tilstilli KRFÍ. Hér eru félagskonur árið 1951.

# Alþjóðabaráttan á Íslandi



Bríet kemur út úr torfkofa á leið til Búdapest, en þangað fór hún árið 1913 á þing alþjóðsamtakanna. Ekki er vitað hver teiknaði, en myndin var sett á jólakort.

Vorið 1905 barst Bríeti Bjarnhéðinsdóttur örlagaríkt bréf. Það var skrifað í New York og undirritað af forseta Alþjóðasamtaka kosningaréttarfélaganna (International Women Suffrage Alliance), sem stofnuð höfðu verið árið 1902. Erindið var að bjóða Bríeti á fund í Kaupmannahöfn sem halda átti 1906.

Hún fór á fundinn og beitti sér síðan fyrir stofnun sérstaks félags er gæti gengið í alþjóðasamtökin, Kvenréttindafélag Íslands. Tónninn í *Kvennablaðinu* breyttist. Bríet var orðin gallharður feministi og þess gætti í blaðinu. Hún var mjög öflugur liðsmaður í að breiða út boðskapinn um mikilvægi kosningaréttar á Íslandi og kynnti helstu forystukonur samtakanna í blaði sínu.

Bríet kynntist nýjum hugmyndum, svo sem um sérframboð kvenna, og flutti íslenskum konum tíðindi. Hún fór á þing samtakanna og kynntist helstu forystukonum persónulega. Tengslin voru henni mikils virði, juku sjálfstraustið og blésu henni kapp



Skopteikninguna gerði Tryggvi Magnússon og birtist hún í *Speglinum* 1929. Margar nornir ríða hér á kústsköftum á þing Alþjóðasamtakanna, þar á meðal Bríet. Skaftið hennar er prýtt höfði forsætisráðherrans, Tryggva Þórhallssonar.

í kinn. Bríet hafði orð á því að hún hafi mætt miklu hlýrra viðmóti og hvatningu erlendis en hér heima. „Mér fanst eg finna sjálfa mig undir eins og eg var laus við landann“, skrifaði hún Laufeyju dóttur sinni árið 1913. (Bríet Bjarnhéðinsdóttir til Laufeyjar Valdimarsdóttur 13. apríl 1913. Lbs 54 NF)



Mæðgurnar Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Laufey Valdimarsdóttir kynntu kínverskan silkifána ásamt hinni suðurafrísku Ninu Boyle á þingi Alþjóðasamtaka kosningaréttarfélaganna í Búdapest árið 1913. Á fánann er lettuð kínverska hvatningin „Stöndum saman!“



Frá þingi Alþjóðasamtaka kosningaréttarfélaganna í Búdapest árið 1913.

Síðasta þing alþjóðasamtakanna sem Bríet sótti var í Berlín 1929. Hér er hún í fremstu röð (þriðja frá hægri, með hatt á höfði) ásamt öðrum eldri kvenréttindakonum sem voru sérstaklega heiðraðar.

## Skorad á Alþingi

Eitt af fyrstu verkum Hins íslenska kvennfjelags var að safna undirskriftum kvenna árið 1895 þar sem Alþingi var krafð um stjórnmalajafnrétti. Alls skrifuðu 2.348 konur undir kröfuna, aðallega úr Reykjavík og nágrenni.

Árið 1907 fóru Hið íslenska kvennfjélag og Kvenréttindafélag Íslands í aðra undirskriftaherferð. Þar var krafist að Alþingi veitti konum, giftum og ógiftum, kosningarétt og kjörgengi til Alþingis og að þær fengju til fulls notið jafnréttis við karlmenn. Þá skrifaði 11.381 kona undir, þar af 1.956 úr Reykjavík.

Undirskriftalistarnir eru varðveittir hjá Alþingi og eru merkileg heimild um kvennabaráttuna.



*Johanna Björnsdóttir*  
*Elvira Ólafsdóttir*  
*Vigdís Björnsdóttir*  
*Þorgerður Grimsdóttir*  
*Hilma Gunnarsdóttir*  
*Halla Björnsdóttir*  
*Engelborg Grimsdóttir*  
*Vigdís Jónsdóttir*  
*Felicea Guðmundsdóttir*  
*Helga Þorgerðsdóttir*  
*Elva Gunnarsdóttir*  
*Þorgerður Þorvaldsdóttir*  
*Sigríður Halldórsdóttir*  
*Sigríður Magnúsdóttir*  
*Þórey Guðmundsdóttir*  
*Margrjet Halldórsdóttir*  
*Þórhildur Guðmundsdóttir*  
*Guðný Ólafsdóttir*  
*Þórunn Þorvaldsdóttir*  
*Guðrún Skúladóttir*

# Fagnað sigri




Prentuð dagskrá hátíðahaldanna á Austurvelli 7. júlí 1915.



Stúlkur í Knattspyrnufélaginu Hvöt á Ísafirði um 1915.

Þann 19. júní 1915 staðfesti Kristján konungur X með undirskrift sinni lög frá Alþingi þess efnis að konur og vinnumenn fengu kosningarétt í fyrsta sinn. Jafnframt var fellt niður ákvæði um útsvarsgreiðslu sem skilyrði fyrir kosningarétti. Hinir nýju kjósendur urðu þó að vera 40 ára og eldri til að fá réttinn, en kosningaldur átti að lækka um eitt ár árlega þar til komið væri niður í 25 ára aldur.

Konur voru ekki ánægðar með þessi skilyrði og Bríet kallaði þetta löðrung fyrir konur. Þær ákváðu þó að fagna þessum áfanga með hátíðahöldum við þinghúsið 7. júlí 1915.



Konur í Reykjavík fagna kosningarétti 1915.



Ungar stúlkur í Reykjavík árið 1915. Skyldu þær hafa fagnað kosningaréttinum?



Fáar ljósmyndir eru til frá fyrstu áratugum kvemna-baráttunnar. Ljósmyndarar gerðu sér þó grein fyrir þeim miklu tíðindum sem hér höfðu orðið og festu hátíðahöldin 1915 á filmu.

„Fyrstu konurnar, brautryðjendurnir, verða auðvitað fyrir ýmsu hnjaski, aðeins vegna þess að þær eru konur – en slíkt má ekki setja fyrir sig. Þegar konum fjölgar á Alþingi Íslendinga hverfur það, að ráðist sé á þær sérstaklega af því að þær eru konur.“

Ingibjörg H. Bjarnason, „Fimmtardómur hinn forni og konurnar“, *Lögrjetta*, 25. árg., 24.-27. tbl. 1930, s. 16.

# Hvers vegna 40 ára?

## Reykjavík hræðir

Jón Magnússon sagði:

„Það er hætt við að konur mundu, ef þær fengju kosningaréttinn allar í einu, skoða sig sérstakan flokk, er aðeins mætti kjósa konur einar á þing. Að minnsta kosti höfum við Reykvíkingar dæmi fyrir okkur í þessu.“

*Alþingistíðindi 1913,  
C-hluti, dálkur 1579.*

Hvað átti Jón við?

Í Reykjavík höfðu konur borið fram sérstaka kvemalista við bæjarstjórnarkosningar. Margir þingmenn óttuðust pólitískt vald kvenna.

Hvers vegna urðu konur og vinnumenn að vera orðin 40 ára til þess að fá kosningarétt? Engin önnur þjóð setti slík takmörk. Íslenskir þingmenn höfðu því enga fyrirmynd.

Jón Jónsson í Múla á heiðurinn að „uppfinningunni“. Jón var á móti kosningarétti kvenna. Hann lagði þó fram þá tillögu á þingi 1911 að konur, 40 ára og eldri, fengju réttinn. Þetta var ástæðan:

„Það er af því, að með þessu virðist vera orðinn svo afar sterkur straumur alstaðar, þótt hvergi sé hann örari en hér, að ég þykist sjá, að hann verði ekki stíflaður, þess vegna tel ég viturlegra að reyna að beina straumnum í þá átt að hann verði að sem minnstu tjóni.“

Jón lét einnig þessi orð falla í umræðum:

„Ég er svo sannfærður sem maður getur verið, að öll þessi svonefnda kvenréttinda-hreyfing, sem nú er að ná yfirtökunum, er óheillaspor sem hlýtur að leiða til vaxandi lífskvalar, sem þó mun varla vera á bætandi.“

Sigurður Sigurðsson var sammála Jóni og hafði þetta að segja:

„Pólitísku störfín eru ekkert leikfang. Þau eru hálfgerð skítverk, og við þess konar störfum eigum við að hlífa kvenþjóðinni.“

Lárus H. Bjarnason sagði þetta:

„Þessi afar mikla rýmkun, sem fjölgar kjósendum um meira en helming, getur haft ómælilegar afleiðingar í för með sér.“

Tillaga Jóns í Múla var felld í neðri deild með 14 atkvæðum gegn 10 árið 1911.



Jón Ólafsson.

Sigurður Sigurðsson.

Jón Jónsson í Múla.

Í umræðum þingmanna um málið 1913 kom fram mikill ótti við þann mikla fjölda landsmanna sem ekki hafði kosningarétt. Meirihluti nefndar neðri deildar sagði til dæmis að varhugavert væri „að fjölga svo kjósendum alt í einu, að núverandi kjósendur sjeu sviptir mest öllu valdi yfir landsins málum.“

Flestir þingmenn sem tjáðu sig um málið voru þessu sammála.

Jón Ólafsson sagði:

„Ég hef engar kjósendaraddir heyrt, sem krefjast þess, að fá allar landsins bríettar á þing, né heldur alla betrunarhússlimi.“

Jón Magnússon spurði:

„Hvað eru 15 ár í lífi heillar þjóðar?“

Tillagan um að binda kosningarétt kvenna og vinnumanna við 40 ára aldur var samþykkt í neðri deild Alþingis 1913 með 17 atkvæðum gegn 5 og í efri deild með öllum samhljóða atkvæðum.

## *Jafnrétti!*

Samkvæmt lögnum 1915 átti kosningaréttur kvenna og vinnumanna að lækka um eitt ár á ári uns jafnrétti við aðra kjósendur (karlmenn) væri náð. Það hefði orðið 1931.

Sambandslagasamningurinn, sem Danir áttu frumkvæði að árið 1918, gerði ráð fyrir gagnkvæmum ríkisborgararétti. Það þýddi meðal annars að breyta þurfti kosningaréttarlögum á Íslandi. Það var gert árið 1920. Frá þeim tíma hefur ríkt jafnrétti milli kvenna og karla í kosningalögum.

Þegar jafnrétti náðist höfðu 45% landsmanna kosningarétt.

### **Gleðifrétt!**

Árið 1920 var samþykkt að konur og karlar fengu kosningarétt 25 ára. Karólína Magnúsdóttir frá Grímsstöðum í Reykjavík spilar fyrir kvígu, hænur og drengi árið 1920. Kannski gleðilag?

### **Vildu jafnrétti**

Þessir þingmenn voru á móti sérstöku aldursákvæði fyrir konur og vildu jafnrétti:

Benedikt Sveinsson  
Bjarni Jónsson  
Björn Kristjánsson  
Kristinn Daníelsson  
Skúli Thoroddsen





## *Ingibjörg*

**Ingibjörg H. Bjarnason (1867–1941)**

Hún tók leikfimikennarapróf í Kaupmannahöfn árið 1892, fyrst Íslendinga. Hún var kjörin á þing 1922 og tók sæti á Alþingi í febrúar 1923, fyrst íslenskra kvenna.

Ingibjörg tók próf frá Kvennaskólanum í Reykjavík árið 1882 og stundaði nám í Kaupmannahöfn og Þýskalandi og Sviss. Hún varð kennslukona við Kvennaskólann í Reykjavík 1903 og skólastýra frá 1906 til dauðadags.

Hún var virk í Thorvaldsensfélaginu og Hinu íslenska kvennfjelagi, Hringnum, Lestrarfélagi kvenna og Heimilisiðnaðarfélaginu.

Kvenfélög buðu fram kvennalista við landskjör árið 1922 (þá var landið eitt kjördæmi og kosið um þrjá þingmenn í það skiptið). Konur vildu tryggja byggingu landspítala sem þær höfðu safnað fyrir frá árinu 1915, sem minnisvarða um kosningaréttinn.

Listinn hlaut 22,4% atkvæða og einn þingmann.

Ingibjörg beitti sér fyrir hagsmuna- og réttindamálum kvenna. Hún hlaut ámæli frá konum fyrir að styðja afnám áfengisbanns á léttvínnum stuttu eftir að hún settist á þing, en konur voru mjög sterkar í bindindishreyfingunni.

Árið 1924 stofnuðu 20 þingmenn Íhaldsflokkinn og vildu beita sér fyrir viðreisn á fjárhag ríkissjóðs. Ingibjörg H. Bjarnason var meðal þeirra. Hún vildi með þessu tryggja byggingu landspítala.



Árin 1884-1885 og aftur 1886-93 stundaði Ingibjörg framhaldsnám í Kaupmannahöfn og lauk leikfimikennaraprófi fyrst Íslendinga vorið 1892 frá Poul Petersens Institut.



Landspítalinn tók til starfa árið 1930 og kom helmingur af byggingarkostnaði frá söfnun Íslenskra kvenna. Hin fagra bygging Guðjóns Samúelssonar er verðugur minnisvarði um kosningarétt kvenna.



Alexandrína drottning Danmerkur og Íslands lagði hornstein að Landspítalanum 1926. Á myndinni er hún með manni sínum, Kristjáni X konungi Danmerkur og Íslands. Hjá þeim stendur Jón Magnússon forsætisráðherra.



# Karlar og konur á Alþingi



Ragnhildur Helgadóttir.

Ingibjörg H. Bjarnason var fyrst kvenna kjörin á þing, 1922.

Ragnhildur Helgadóttir gegndi fyrst kvenna forsetaembætti þingsins, forseti neðri deildar 1961–1962.



Auður Auðuns.

Auður Auðuns gegndi fyrst kvenna ráðherraembætti, embætti dómsmálaráðherra 1970–1971.


Guðrún Agnarsdóttir varð fyrst kvenna formaður þingflokks, Samtaka um kvennalista 1983–1984.

Jóhanna Sigurðardóttir leiddi fyrst kvenna ríkisstjórn, forsætisráðherra 2009–2013.



Guðrún Agnarsdóttir.

## Hlutfall kynjanna á Alþingi frá 1915 til 2015



Jóhanna Sigurðardóttir.

# Kosningaréttur fyrir alla?

Nú hafa allir íslenskir ríkisborgarar, 18 ára og eldri, kosningarétt til Alþingis.

Þessi skilyrði voru áður sett fyrir kosningarétti:

Karlkyn var forsenda kosningaréttar fram til ársins 1915. Þá fengu konur, 40 ára og eldri réttinn. Þetta ákvæði var afnumið árið 1920 og komið á jafnrétti.

Aldur kosningabærra var 25 ár til ársins 1934 þegar markið var lækkað í 21 ár. Það var óbreytt til ársins 1968 er það lækkaði í 20 ár og loks niður í 18 ár árið 1984.

Eignir voru skilyrði fyrir kosningarétti fram til ársins 1915 er slíkt ákvæði var afnumið. Í fyrstu kosningalögunum árið 1843 voru eignaskilyrðin ströng, en þau voru rýmkuð mjög er leið á 19. öld.

Vinumenn höfðu ekki sjálfstæða stöðu í gamla bændasamfélaginu og höfðu ekki kosningarétt fyrr en 1915, þá 40 ára og eldri, og fullan kosningarétt árið 1920.

Sveitarstyrkþegar fengu ekki eða misstu kosningarétt ef þeir gátu ekki greitt styrkinn til baka. Ákvæðið var afnumið árið 1934.

Ósjálfráða fullorðnir einstaklingar sem hlutu þann dóm að teljast ekki geta séð um sig sjálfir (t.d. fólk með þroskahömlun og geðsjúkir) fengu ekki eða misstu kosningarétt. Ákvæðið var afnumið árið 1984.

Dæmdir menn misstu kosningarétt, en ákvæðið var afnumið 1984.

Hvaða skilyrði skyldi hafa útilokað flesta?


Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens 1980–1983. Síðasta ríkisstjórnin al-farið skipuð körlum?





## Úr kvennabaráttunni

Á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni má finna mikið af dreifimiðum og veggspjöldum sem stjórnmalaflokkar og framboð hafa gefið út til þess að koma sér á framfæri. Elsta smáprentið sem hefur varðveist frá stjórnmalastarfi kvenna er frá Reykjavík árið 1908 er kvenfélög í bænum báru fram sérstakan lista, F-listann. Dreifimiði frá þeim tíma er hér í félagsskap nokkurra annarra sýnishorna frá stjórnmalabaráttu kvenna.



Reykjavík 7. júlí 1916.

Þar sem konur hafa nú við landskosningarnar, 5. ágúst í ár, í fyrsta sinn atkvæðirétt við kosningar til Alþingis, vörðist okkur að þær öllu almennt að sækja kosningarnar og reyna að koma að þeirri einu konu, sem í búi er, frá Dóttu Þjarnhildinsdóttur, með því líka að hún er sí kona, sem mest hefur beitt sér fyrir þó, að konur fengju stjórnsmálaréttindi til jafns við karlmenn og mundi án efa reynast öruggur talsmaður áhugamála kvenna í þinginu. Vörðist okkur þessu fyrir konur, þar sem engin veruleg ágreiningsmál skipta nú flokkum í landinu, að láta nokkuð annað ráða atkvæði sínu við kosningarnar en það eitt, að koma að þeirri einu konu, sem fram er boðin.

Leyfum við okkur hér með að vekja athygli yðar á þessu, og jafnframt að hvetja yður til að sækja landskosninguna 5. ágúst.

Kosninganefnd kvenna  
við landskosningarnar 5. ág. 1916.



Reykjavík 19. október 1916.

### Heiðraði kjóсандi!

Þar sem konur geta nú í fyrsta sinn tekið beinan þátt í kosningu þingmanna Reykjavíkur, þá leyfum við okkur að vekja athygli yðar á því, að nú hýðat yður tækifæri til þess að taka höndum saman við þann stjórnsmálaflokk, sem haft hefur forgöngu og framkvæmdir í því, að veita konum til jafns við karlmenn bæði stjórnsmálaréttindi og fleiri réttindi, er þær hafa fengið á síðari árum. Því alkunnugt er það, að hin nýja stjórnarskrá okkar er Heimastjórnarslokksins verk, og eigi síður hitt, að það var foringi Heimastjórnarmanna, H. Hafstein, sem kom fram fyrir nokkrum árum jafnrjetti kvenna við karla til skólagöngu og embætti. Mætti því ætla að konur hugsuðu einkum til samvinnu við þennan stjórnsmálaflokk framvegis um þau mál, sem þær sjerstaklega vildu gera að áhugamálum sínum, og viljum við einnig mæla fram með því, að svo yrði, og þá jafnframt hvetja yður til að sækja kosningarnar hjer í bænum á laugardaginn kemur og styðja þar með atkvæði yðar þingmannaefni Heimastjórnarslokksins, sem eru þeir: Jón Magnússon bæjarfógeti og K. Zimsen borgarstjóri, báðir vallokunnir og mikilhæfir menn.

Með mikilli virðingu.

Nokkrar konur í Reykjavík.



# *Fyrstu konur inn!*

Hér eru nokkrar konur sem mörkuðu fyrstu spor á leið íslenskra kvenna til jafnréttis.



Þóra Melsteð.

## *Ljósmyndun*

Nicoline Weywadt  
1872

## *Skólaflokkur*

Þóra Melsteð  
1874

## *Skáldrit*

Júlíana Jónsdóttir  
1876



Júlíana Jónsdóttir.

## *Stúdent*

Camilla Torfason  
1889

## *Ritstýra blaðs*

Sigríður Þorsteinsdóttir  
1895

## *Skólaflokkur*

Þórey Árnadóttir  
1900

## *Sveitarstjórnir*

Katrín Magnússon, Þórunn Jónassen, Guðrún Björnsdóttir og Bríet Bjarnhéðinsdóttir  
1908



Camilla Torfason.

## *Íðnmeistarapróf*

Ásta Árnadóttir  
1910



Katrín Magnússon, Þórunn Jónassen,  
Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Guðrún  
Björnsdóttir.

*Próf frá Háskóla Íslands*

Kristín Ólafsdóttir  
1917

*Alþingi*

Ingibjörg H. Bjarnason  
1922

*Heraðslæknir*

Katrín Thoroddsen  
1924

*Doktorspróf*

Björg C. Þorláksson  
1926

*Útvarpspulur*

Sigrún Ögmundsdóttir  
1930

*Ríkisfjirdir*

Ásta Magnúsdóttir  
1933



Katrín Thoroddsen.



Björg C. Þorláksson.



Sigrún Ögmundsdóttir.



Hulda Jakobsdóttir.

*Lögreglan*  
Jóhanna Knudsen  
1941

*Vedurstofustjóri*  
Teresía Guðmundsson  
1946

*Förstöðumadur Listasafns Íslands*  
Selma Jónsdóttir  
1950

*Bæjarstjóri*  
Hulda Jakobsdóttir  
1957

*Dómararéttindi í knattspyrnu*  
Sigrún Ingólfssdóttir  
1968

*Prófessor*  
Margrét Guðnadóttir  
1969

*Dómari*  
Auður Þorbergsdóttir  
1972

*Prestur*  
Auður Eir Vilhjálmsdóttir  
1974

*Strætóbústjóri*  
María Jónsdóttir  
1975



Margrét Guðnadóttir.



Auður Eir Vilhjálmsdóttir.



## *Formaður Íþróttasambands*

Ástbjörg S. Gunnarsdóttir  
1977

## *Sýslumaður*

Hjördís B. Hákonardóttir  
1980

## *Forseti*

Vigdís Finnbogadóttir  
1980

## *Ólympíugull*

Sigurrós Karlsdóttir  
1980

## *Hæstaréttardómari*

Guðrún Erlendsdóttir  
1982

## *Varaforseti Alþýðusambands Íslands*

Guðríður Elíasdóttir  
1984

## *Stjórn Íþróttasambands Íslands*

Lovísa Einarisdóttir og Katrín Gunnarsdóttir  
1986

## *Sendiherra*

Sigríður Snævarr  
1991

## *Knattspyrnuþjálfari*

Vanda Sigurgeirsdóttir  
1996



Vigdís Finnbogadóttir.



Sigurrós Karlsdóttir.



Sigríður Snævarr.



Agnes Sigurðardóttir.

### *Formaður bínadarsambands*

Svana Halldórsdóttir  
2001

### *Landsbókavörður*

Sigrún Klara Hannesdóttir  
2002

### *Forsætisráðherra*

Jóhanna Sigurðardóttir  
2009

### *Biskup*

Agnes Sigurðardóttir  
2012

### *Póllari*

Vilborg Arna Gissurardóttir  
2013



Vilborg Arna Gissurardóttir.

Við þökkum þessum og öðrum íslenskum brautryðjendum fyrir þeirra góða starf. Við eigum þeim skuld að gjalda. Það er þeim að þakka að engin íslensk kona þarf að yrkja svo um stöðu sína í framtíðinni:

*Mig er fyrir löngu hætt að langa,  
löngun það er orð sem mætti tynast,  
hún er von að lúta í lægra haldi,  
leppur, sem er troðinn undir fótum.*

Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli (1866–1937)

Halla fékk enga skólagöngu og sveið það alla tíð sárt. Eignaðist 14 börn með fyrri manni sínum en þau létust öll sama sumarið úr barnaveiki.

# Jafnréttislandið

Ísland er þekkt um allan heim fyrir góða stöðu kvenna. Í mælingu Alþjóða efnahagsráðsins (World Economic Forum) hefur Ísland verið á toppnum síðan árið 2009. Norðurlandþjóðirnar raða sér í efstu sætin og hafa náð að brúa um 81-87% af því bili sem mismunar kynjunum í stjórnmálum, í atvinnulífínu, menntun, heilbrigðisþjónustu og í efnahagslegum jöfnuði.

Í alþjóðlegum samanburði er staða Íslands mjög góð. Hér er þátttaka kvenna á vinnumarkaði ein sú hæsta í heimi, hlutfall kvenna á þingi og í sveitarstjórnnum er hátt, menntunarstigið er hátt og aðgangur að heilbrigðiskerfinu óhindraður.

Framboð af leikskólum gegnir lykilhlutverki. Þeir gera foreldrum smábarna auðveldara að stunda nám og vinnu, og veita börnum öryggi og samneyti. Árið 1973 hófst uppbygging leikskólastigsins en það var ekki fyrr en undir lok aldarinnar sem heilsdagspláss urðu almenn um land allt.

Jafnréttislandið Ísland er ekki stöðugt. Það er sfbreytilegt samfélag.

## Staðan 2015

|                           | Konur   | Karlar  |
|---------------------------|---------|---------|
| Alþingismenn              | 39,7%   | 60,3%   |
| Sveitarstjórnarmenn       | 44%     | 56%     |
| Atvinnuþátttaka 16-64 ára | 79,6%   | 83,7%   |
| Stúdentspróf              | 59,1%   | 40,9%   |
| Meðalævilengd             | 84,3 ár | 81,6 ár |



Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir hvatti kynsystur sínar til dáða í *Kvennablaðinu* í upphafi árs 1913 með því að vitna til Olympe de Gouges sem háls höggvin var fyrir skoðanir sínar árið 1793:

„Látum það sannast á oss, sem hin fyrsta franska kvenréttindakona, Olympe de Gouges sagði 1789 í útskýringu sinni um hvað réttindi kvenna væru:

„Hvaða hindranir sem reistar eru upp frammi fyrir yður, þá er það í yðar valdi að yfirvinna þær allar. Þér þurfið aðeins að vilja það.“



Olympe de Gouges.

100 | KOSNINGARÉTTUR  
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI

